

Þjóð á Jafnréttisþing

JAFNRÉTTISÞING

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla boða velferðarráðherra og Jafnréttisráð til jafnréttisþings 4. febrúar næstkomandi að Nordica Hilton Reykjavík klukkan 9 til 16.

Hlutverk þingsins er að efna til samræðu milli stjórnvalda og þjóðar um málefni kynjajafnréttis og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum.

Á jafnréttisþinginu verður fjallað um fjölmargar hliðar á jafnrétti kynjanna, svo sem kynbundið ofbeldi og mansal, jafnrétti og stjórnarskrá, áhrif Evrópuréttar á jafnrétti kynja, framlag karla til kynjajafnréttis, kynin og fjölmiðlana og áhrif efnahagsumrótsins á starf og fjölskyldulíf. Þá mun velferðarráðherra leggja skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála fyrir þingið.

Dagskrá

föstudaginn 4. febrúar 2011
á Hilton Reykjavík Nordica

Þingstjórar: Björk Jakobsdóttir leikkona og leikritahöfundur og Gunnar Helgason leikari og leikstjóri

- 09.00 - 09.15** Þórhildur Þorleifsdóttir formaður Jafnréttisráðs: Setning
- 09.15 - 09.45** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra: Skýrsla um stöðu og þróun í jafnréttismálum og tillaga að nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum
- 09.45 - 10.15** Elísabet Karlsdóttir verkefnisstjóri hjá Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur: Ofbeldi gegn konum – íslenskur veruleiki
- 10.15 - 10.45** Kaffi
- 10.45 - 11.15** Louise Shelley prófessor og forstöðumaður Terrorism, Transnational Crime and Corruption Center við George Mason University, Arlington BNA: Human trafficking; Global Patterns and Business Models (Flutt á ensku. Erindið er styrkt af bandaríska sendiráðinu á Íslandi)
- 11.15 - 11.45** Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor við HR og formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands: Stjórnarskrá, jafnrétti og jaðarhópar
- 11.45 - 12.00** Ingólfur V. Gíslason dósent í félagsfræði við HÍ: Er kynjajafnrétti og velferð barna ósættanlegar andstæður?
- 12.00 - 13.00** Hádegisverður
- 13.00 - 14.45** Málstofur
- 14.45 - 15:15** Kaffi
- 15.15 - 15.50** Hvert ber stjórnvöldum að stefna? Panelumræður: Katrín Fjeldsted læknir og fyrrv. borgarfulltrúi, Gunnar Hersveinn rithöfundur, Katrín Anna Guðmundsdóttir verkefnisstjóri við kynjaða fjárlaga-gerð og Jón Kjartan Ágústsson formaður Hinsegin stúdenta við HÍ
- 15.50 - 16.00** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra: Ávarp og slit

Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.

Tekið er á móti skráningum til og með 2. febrúar á vef velferðarráðuneytisins, velferðarraduneyti.is



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



JAFNRÉTTISRÁÐ